

# „Fyrirtæki eru líka fólk“

Um viðhorf stjórnenda til heimspekilegra  
hugmynda um siðferðilegt gerhæfi fyrirtækja

Jóhann V. Hjaltason

Pröstur Olaf Sigurjónsson

Iceland SIF

18.11.2021

## Efni

- Praktísk atriði og fræðileg umfjöllun
- Rannsóknaraðferð
- Bráðabirgðaniðurstöður
- Umræður og lokaorð

## Um hvað snýst málið?

- Mjög vinsælt í dag að eigna fyrirtækjum *ábyrgð* og *gerhæfi* (oftar en ekki gert í tengslum við „haghafakenninguna“
  - BP mengaði Mexíkóflóa
  - Landsbankinn bauð upp á vörumerki innlánsreikninga sem hét Icesave
- Siðferðilegt gerhæfi fyrirtækja (e. corporate moral agency)
  - Þ.e., eru fyrirtæki gædd gerhæfi *sem* fyrirtæki (e. corporations *qua* corporations)
- Gerhæfi er mikilvæg hugmynd í heimspeki og siðfræði og er náskylt hugmyndinni um ábyrgð
  - *Hæfni* aðila til að gera eitthvað sjálfstætt, framkvæma einhvern verknað og taka ákvarðanir
  - „**Staðalhugmynd**“ um gerhæfi: ef og aðeins ef til er *hæfni* til að gera eitthvað af *ásettu ráði*
  - *Siðferðilegt gerhæfi* snýr svo að taka ákvarðanir og framkvæma verknað út frá siðferðilegum mælikvarða

# Fræðileg umfjöllun

- Verufræði (e. ontology) fyrirtækis
- Sögulegar skilgreiningar á fyrirtækjum
- Haghafa-, hluthafa- og sáttmálskenning um stjórnun fyrirtækja
- Heimspekileg rök með og á móti siðferðilegu gerhæfi
  - Fyrirtæki geta ekki verið gædd gerhæfi því þau eru annað hvort *ekki meðvituð* um ásetning sinn eða vegna þess að verknaðurinn sem er framkvæmdur á ekki uppruna sinn í *andlegu ástandi*
  - Fyrirtæki eru gædd gerhæfi því
    - Innan þeirra er sameiginlegt ákvörðunartökuferli/kerfi sem þjónar sem gerhæfi
    - Það er „normatíft“ og í stuðning við brjóstvit okkar að gæða þau gerhæfi

*Endurspeglu viðhorf stjórnenda fyrirtækja á Íslandi  
heimspekileg viðhorf um gerhæfi fyrirtækja?*

# Aðferð

- Eigindleg aðferðarfræði
  - Djúpvíðtöl við hluthafa, stjórnarfólk og stjórnendur fyrirtækja
  - Viðmælendur fá kynningu á efni rannsóknarinnar og helstu hugtökum (gerhæfi, siðferðileg ábyrgð, fræðilegar kenningar um fyrirtæki, og aðferðir í stjórnarháttum)
  - Einnig fá viðmælendur dæmisögu (e. case) sem snýr að siðferðilegri ábyrgð fyrirtækis til að bregðast við í viðtalinu
- Spurningarnar eru byggðar á fræðilegu inntaki ritgerðarinnar til að framkalla skoðanir
  - Viðmælendur hafa e.t.v. ekki hugsað mikið um þessi mál áður

## Bráðabirgðaniðurstöður

- Almennt séð skiptar skoðanir (líkt og innan heimspekinnar)
- Sumir álita svo að fyrirtæki hafi hreina og beina siðferðilega ábyrgð gagnvart samfélaginu
  - Þ.a.l. hefur fyrirtæki óumflýjanlega einhvers konar *gerhæfi*
- En fólk er ekki alveg tilbúið til að samþykkja það að fyrirtæki *sem* fyrirtæki hafi gerhæfi
  - Hluthafar og stjórnendur leggja línurnar og eiga frumkvæðið að skapa *fyrirtækjamenningu* eða einhvers konar *ferli* sem þjónar sem eins konar „gerhæfi“
- Aðrir viðmælendur segja hluthafa og stjórnendur bera mestu ábyrgðina í öllu og þ.a.l. liggur gerhæfið (og ábyrgðin) hjá þeim

## Umræður og lokaorð

- Siðferðilegt gerhæfi fyrirtækja er mikilvægt umræðuefni á sviði viðskiptasiðfræðinnar
- Að taka því sem gefnu að fyrirtæki hafi siðferðilegt gerhæfi eða ekki hefur margar afleiðingar í för með sér
  - Hefur afleiðingar fyrir þá sem við refsum eða refsum ekki
  - Getur leitt til þess að við refsum saklausum einstaklingum
  - Verðum sátt með það að refsa fyrirtækjum í stað þess að refsa aðilum sem bera raunverulegu ábyrgðina
- Rannsóknin leiðir í ljós hvað stjórnendum og þvímlikir finnast um þessi mál
  - Hvar liggur (*mesta*) gerhæfið innan fyrirtækis og þar með ábyrgðin að þeirra mati?
- Rannsóknarefni sem er frekar nýtt af nálinni



**Takk fyrir**